








Skjólgarður



Grunnmynd 1:50



Sneiðing A-A 1:200



Sneiðing B-B 1:200



Ásýnd suður 1:100

Nytt hjúkrunarheimili á Höfn í Hornafirði

Heimilið er hornsteinn einka- og fjölskyldulífsins. Heimilin byggja á ýmsum og ólíkum gildum einstaklinga og þau eru jafn fjölbreytleg og einstaklingarnir sem elga þar heima. Þetta á ekki síður við um eldri borgara en aðra. Hjúkrunarheimilið er fyrir flesta síðasta heimilið og sem slíkt aðskilur það sig frá flestum öðrum heimilum þar sem það er einnig vinnustaður. Engu að síður eða ef til vill þess vegna, ber heimilinu að einkenast af því að vera heimili sem veitir upplifun, að hreyra til og þrífast; að elga heima.

Hjúkrunarheimilið sem bygging, á að undirstrika og styðja þá starfsemi sem þar á sér stað og styrkja samspilið á milli þeirra sem búa og vinna á heimilinu. Ólíkar óskir og þarfir íbúanna elga að vera í fyrir-rúmi í fallegri og nýtsamlegri umgjörð um hversdagslegar athafnir og venjur.

Heimili íbúanna er herbergi hvers og eins, sameiginleg rými þar sem félagslegir viðburðir elga sér stað í samfélagi við aðra íbúa og þar sem heimilið er í nánum tengslum við umhverfið.

Heildarskipulag

Nýju hjúkrunarheimili á Hornafirði er skipt upp í þrjár 10 íbúa einingar sem dreifast um nýbyggingar og nýuppgerð hjúkrunarheimili sem þegar er til staðar. Lagt er til að viðbygging verði staðsett á púða svo gölflötur nýbyggingar sé í sömu hæð og núverandi hjúkrunarheimili. Þetta er gert meðal annars til að tryggja þægilegt aðgengi á milli bygginga og tryggja hæfilega hæð byggingar með tililiti til sjávar og útsýnis til fjalla. Auk þess sem starfsemi á einni hæð á heimili fyrir íbúa sem þurfa á aðstoð starfsfólks að halda dag og nótt. Það auðveldar allt ferli um byggingunna og gefur starfsfólkinu góða yfirsýn. Heimili á einni hæð gefur öllum íbúum möguleika á góðum tengslum við útivistarsvæði.

Ásýnd nýbyggingar hefur skirskotun til núverandi hjúkrunarheimilis með áberandi skáhallandi þökum. Þá er nýbygging brotin upp í smærri einingar þannig að úr verði byggingar í hæfilegri heimilisstærð. Heimili sem hreðráð er saman svo úr verði þorpsbragur. Byggingar hlýkast um löðina, opnast út í landslagið og inná við í skjólgarða þannig að gönguásar um byggðina býður upp á fjölbreytlega birtu og skemmtilega upplifun og fallett útsýni út í umlykjandi náttúru.

Nýbyggingarnar eru áþekkar í ásýnd, en gert er ráð fyrir að á þeim sé blæbrigðamunur bæði innahúss sem utan. Deilifrágangur, efnistöð og litir geta verið ólíkir frá byggingu til byggingar og eins eru skjólgarðar og útivistarsvæði af ólíkum toga.

Lagt er til að nýr aðalinnangangur verði staðsettur við suðurenda núverandi hjúkrunarheimilis þar sem komið er inn í byggingu með léttu yfirbragði og ásýnd, með útsýni út á sjó. Héðan getur leið legið í norður og inn í núverandi hjúkrunarheimili eða suður og inn í nýbyggingu.

Þá er sjálfstæður inngangur fyrir vörumöttöku í eldri byggingu, sem og sér inngangur að kapelli. Í núverandi byggingu er að finna 10 herbergja álmu með viðeigandi stöðrymum. Þá er kapella, skrifstofur, fundarherbergi, framreiðsluhúsið og önnur stöðrymi staðsett hér. Við vesturenda álmunnar er nýju eldhúsi og matsal komið fyrir í nýrri viðbyggingu. Hér er hátt til loftis og vitt til veggja og útsýnið stórbrotið svo langt sem augað eygir.

Sé haldið til suðurs frá aðalinnangi er komið inn í nýbyggingu hjúkrunarheimilis sem er skipulögð sem tvær einingar með 10 herbergjum. Hver eining umlykur skjólgarð. Fyrir enda garðanna eru sameiginleg rými eins og eldhús og matsalur. Á góðvísirisdögum er hægt að hafa opið úr matsal og út í skjólgarða.

Á milli almanna tveggja er fjölnotasalur staðsettur, mitt á milli tveggja skjólgarða. Þetta er rými sem notast má við daglega í ólíka starfsemi, til að mynda í leikfimi, tónleika, jólabölli, jóga og spíllakvöld svo eitthvað sé nefnt.

Sameiginleg rými hjúkrunarheimilisins bjóða upp á góða möguleika á að virkja íbúa (allt eftir getu þeir-ra), í daglegu starfi, svo sem við að vökva blóm, baka, þrjóta saman þvott og önnur samþarfileg verkefni. Gefandi verkefni í daglegu lífi sem eru mikilvæg til að styðja sjálfstæði og virðingu við einstaklinginn á eigin heimili.

Fyrirkomulag nýbyggingar býður upp á ró og næði fyrir hvern íbúa, um leið og starfsfólk hefur góða yfirsýn. Skjólgarðar húsanna eru ólíkir, en sameiginlegt fyrir garðana er að þeir bjóða upp á birtuflæði inn á ganga og sameiginleg rými um leið og þeir bjóða íbúum góðan og fallegan daginn í hvert skipti sem þeir yfirgefa herbergi sín. Fuglastist, límur af blómum og upplifun af fallegum litum þeirra örva skynjun og veitir íbúunum gleði dagsdaglega.

Heimilið

Nýtt og endurbýgt hjúkrunarheimili er fyrir þrjátíu íbúa. 20 nýjar íbúðir verða reistar í nýjum bygging-um hjúkrunarheimilisins og 10 íbúðir verða reistar í núverandi byggingu. Hver íbúi hefur eigið herbergi með rúmi, setkrók, stofu, baðherbergi og anddyri. Hverju heimili tilheyrja sameiginleg rými með öðrum íbúum bæjarins, en sérhvert herbergi með tilheyrandi rýmum er einkarými hvers og eins. Það er fyrir öllu að umgjörð heimilisins veiti íbúum upplifun af öryggi og umhyggju. Herbergin eru í eðli sínu eins í uppbyggingu, en þau bjóða upp á mismunandi möguleika á innra skipulagi. Þá er einnig gert ráð fyrir að hægt sé að tengja tvö rými saman svo hægt sé að bjóða hjónum upp á að búa saman á hjúkrunarheimilinu. Í nýbyggingu er aðkoma að herbergjum frá gangi sem umlykur skjólgarð. Innskot á göngum eru við innganga að herbergjunum og skilgreina útskiptin frá sameiginlegum rýmum að herbergjum íbúanna. Inngangar eru víðarklæddir, og þá er hægt að gera persónulega með gólfmottum, myndum á veggjum, plöntum og þess háttar þannig að allir inngangar geta verið ólíkir og heimilislegir sem gerir íbúum auðvelt fyrir að finna til síns heima. Þegar inn er komið er anddyri og yfir því er þakluggi sem veitir dagsbirtu djúpt inn í herbergið. Frá anddyri er að gengið inn í íbúð. Snyrting er stór og rúmgóð og er rýmið skipulagt með tililiti til þess að auðvelda íbúum og starfsfólki að athafna. Aðgengi er að snyrtingu

3734257 - Nýtt hjúkrunarheimili á Hornafirði - rýmistaffa

	Kröfur skrá rýmistaffa í fjölnotarbyggingu			Reiknaðar stærðir hæðanna	Kröfur viðmið
Rými	Nettó stærð rýmis þessa	Flokkur	Reiknaðar stærðir	Nettó hæðanna	
1.0. HEIMILI (EININGAR)					
1.1. Stof með baðherbergi	28,0	30	84,0	84,0	Lágmark
1.2. Borðstofa, setustofa, eldhús	10,0	30	30,0	31,0	Lágmark
1.3. Soppræmishúsið	1,0	30	4,0	4,0	Lágmark
1.4. Útivistarsvæði					
2.0. Stöðrym					
2.1. Skól og þvottur	12,0	3	36,0	36,0	Víðmið
2.2. Soppræmishúsið fyrir vörumöttöku	4,0	3	12,0	12,0	Víðmið
3.0. SAMEIGINLEG MÍÐIÐ RÝMI					
3.1. Fjölnotasalur (stærðir: 150 cm x 150 cm)	6,0	3	18,0	18,0	Víðmið, annað fyrir fatbúnað
3.2. Stofur	3,0	3	9,0	9,0	Víðmið
4.0. Stofur					
4.1. Stofur fyrir vörumöttöku	10,0	1	10,0	10,0	Stofur innvið herbergjum
4.2. Fundarherbergi	15,0	1	15,0	15,0	Stofur innvið herbergjum
4.3. Soppræmishúsið fyrir vörumöttöku m. setum, vöðum og þvottu	2,0	1	2,0	2,0	Víðmið
5.0. Önnur rými					
5.1. Framreiðsluhúsið og soppræmishúsið	50,0	1	50,0	50,0	Víðmið
5.2. Soppræmishúsið fyrir vörumöttöku	15,0	1	15,0	15,0	Víðmið
5.3. Soppræmishúsið	15,0	1	15,0	15,0	Víðmið
5.4. Soppræmishúsið	15,0	1	15,0	15,0	Víðmið
5.5. Soppræmishúsið	15,0	1	15,0	15,0	Víðmið
5.6. Soppræmishúsið	15,0	1	15,0	15,0	Víðmið
Nettófæðingarmál samlað					
Víðmið fyrir umferðarmál, mál og útlag og þessa (um 25%)			48,0	48,0	
Samlað fæðingarmál			1.950	1950,0	
6.0. Vörumöttöku					
6.1. Stofur fyrir vörumöttöku	15,0	2	30,0	32,0	
6.2. Stofur fyrir vörumöttöku	20,0	1	20,0	20,0	
6.3. Stofur fyrir vörumöttöku	40,0	1	40,0	40,0	
6.4. Stofur fyrir vörumöttöku	40,0	1	40,0	40,0	
6.5. Stofur fyrir vörumöttöku	20,0	1	20,0	20,0	
6.6. Stofur fyrir vörumöttöku	20,0	1	20,0	20,0	
6.7. Stofur fyrir vörumöttöku	10,0	1	10,0	10,0	
Nettófæðingarmál samlað					
Víðmið fyrir umferðarmál, mál og útlag og þessa (um 25%)			279	279	
Samlað fæðingarmál (brúðir)			279	287	
Alta nýtt hjúkrunarheimili að meðdöllum breytingum í núverandi húsnæði og vörumöttöku svæðisins (um 280 m²)					
			2.229	2.276	

Rýmistaffa

úr íbúð. Þó svo snyrtingar séu hannaðar með hagsýni að leiðarljósi má persónugera þessi rými t.d. með ólíkum flisum og litum. Almennir er mikilvægt að huga vel að öllum frágangi og deililausnum til dæmis þegar kemur að hurðaropum, gluggakörnum, gölflistum og öðrum frágangi. Skipulag herbergis er undir íbúum og aðstandendum komið. Hægt er að staðsetja rúm og húsgögn á mismunandi hátt og hægt er að gera rýmin persónuleg með eigin húsgögnum og búnaði. Herbergin rúma fataskáp og öryggishólf ásamt öðrum búnaði og unnt er að koma fyrir rafdrifnum lyftubúnaði í lofti. Þau eru útbúin með lítlu skoti sem hægt er að innrétta á mismunandi vegu þar sem hægt er að fylgjast með gangi sólar, tíma dags og árs, svo og veðurfari. Við hlíðina á skoti er hægt að opna herbergin út á lítinn skjólgóðan pall.

Skjólgarðar

Skjólgarðar sjúkraheimilisins þjóna fjölbættu hlutverki. Þeir eru í eðli sínu garðar sem íbúar geta notið til útivistar, þeir veita birtu inn í ganga og sameiginleg rými og þeir veita góða yfirsýn. Skjólgarðar geta nýst í meðferðarskyni til að örva skilningarvit og auka hreyfigetu auk þess sem dagsbirta hefur jákvæð og heilsueflandi áhrif á einstaklinginn. Í þessari tillögu er lagt til að hægt sé að hanna og innrétta skjólgarða á mismunandi hátt í samstarfi við starfsfólk og íbúa. Skipulag garðanna getur verið þematískt, t.d. sem matjurtagarðar í námunda við sameiginlegt eldhús, aðstaða fyrir líkamsrækt, garður fyrir hugleiðslu og svo framvegis. Einföld og skýr hönnun ber að hafa að leiðarljósi með áherslu á að garðar séu fallegir og stuðli að betri heilsu og vellíðan íbúa með góða yfirsýn á göngu um heimilið.

Náttúra, umhverfi og vistvænar lausnir

Hjúkrunarheimilið er fyrirhugað með náin tengsl við náttúrulegt umhverfi sltt sem einkennist af Vikurbraut, grasblóm og náðinni við sjó. Við byggingu mannvirkisins er gert ráð fyrir að viðbyggingin, sem er á einni hæð, sé í sama hæðarkóta og fyrirliggjandi hjúkrunarheimili. Gert er ráð fyrir að jafna löðina umhverfis bygginguna út þannig að lóð umhverfis bygginguna komi til með að líkjaft núverandi aðstæðum og þar með töluvert frábrugðin skjólgóðum byggingarinnar. Þessi nálgun býður íbúum upp á fjölbreytleg útirými í tengslum við hjúkrunarheimilið. Með sjálfbærum lausnum og vistvænni hugsun má styðja vistkerfi staðarins og auðga vistræðilegan fjölbreytileika.

Mögulegt er að vinna með ofanvatnslausnir á bilastæðum og skjólgóðum, auk þess regnvatnsöfnun getur auðveldlega átt sér stað á við fráveitu vatns frá skáhallandi þökum.

Lóð og umhverfi

Byggingin er staðsett innan lóðarmarka og er lega byggingar þannig að hún snertif ystu lóðarmörk til austurs, suðurs og vestur. Gert er ráð fyrir aðkomu og nýjum aðalinnangi frá austurhlíð. Bilastæði, aðkoma slökkviliðs/sjúkrabíla sem og hjólagæmsla eru fyrirhuguð hér. Til austurs er gert ráð fyrir þjónustuingangi í tengslum við eldhús og tæknirými og hér má einnig finna sorp. Þá er gert ráð fyrir að nærumhverfi núverandi byggingar verði endurskipulagt með grasi og gróðurbeltum þar sem koma má fyrir útivistarsvæðum fyrir íbúa. Bilastæði eru staðsett eftir endilangri Vikurbraut og er þeim skipt upp í svæði með grænum gróðurbeltum sem gefa til kynna staðsetningu innganga. Þá eru engin bilastæði fyrir framan eldhús og matsal íbúa.

Efnistöð og uppbygging

Hjúkrunarheimilið er einfalt í uppbyggingu og útliti og efnisval undirstrikar láttausa ásýnd hennar.


Ytra byrli byggingar er almennt víðarklæðning í lérki og sjónsteypa í veggjum og læstri zinkklæðningu á þökum. Efni með mikinn víðnámsþrótt þar sem veður og vindar geta verið ágangsharðir. Unnið verður með mismunandi lausnir, áferð og frágang frá einu húsi í annað til að tryggja blæbrigðamun frá húsi í hús.

Gluggar og glerkerfi eru almennt í við. Innandyrja eru veggir ýmist steyptrí/hlaðnir, víðarklæddir og muraðir og hvítmálaðir. Víðargólf eru í íbúðum, en á almenningi er gert ráð fyrir vélslípaðri steinsteypu (terrazzo). Handlistar og stuðningsslár eru almennt úr lérki og þá er gert ráð fyrir veggklæðningum með hljóðisogi á útvöldum stöðum, sem og skermum úr lérki sem geta verið meira eða minna opnir frá setstofum og út í almenning. Mikilvægt er að muna þá sem gleyma og því er gert ráð fyrir að inngangar í sérhvern bæ fái sltt sérkenni, til að mynda í lit eða listrænni skreytingu á veggjum/glerveggjum sem auðveldar þannig íbúum að finna sinn bæ.

Tæknilegar lausnir

Byggingin er einföld í uppbyggingu og kallar ekki á neinar sérlausnir hvað tæknimál varðar. Gert er ráð fyrir gölftita á almenningi og ofnakerfi í herbergjum. Megin loftræsing er náttúrlæg, en þar sem við á, t.d. á baðherbergjum er gert ráð fyrir útsögu í gegnum þak og í stærri rýmum eins og sameiginlegu eldhúsi og sjúkrabjálfun má reikna með vélrænni loftræsingu yfir niðurtæknu lofti.

Fyrir komandi kynslóðir á sjúkraheimilium munu tölvur vera velþekkt verkfæri. Þess vegna skulu öll herbergi útbúin þráðlausu neti sem gefur íbúum tök á að vera í daglegu sambandi við börn, barnabörn og vini. Þá geta íbúar einnig nálgast upplýsinga- og afþreyingaræfni á eigin vegum, sem veitir þeim auklið sjálfstæði og sjálfsákvörðunarvald. Gert er ráð fyrir að núverandi hjúkrunarheimili verði uppfært og aðlagð að nútíma stöðlum að því marki sem mögulegt er, með vandvirkni og virðingu sem sú bygging kallar á.




Reist mynd

Grunnmynd 1:200







Útirými



Ásýnd Austur 1:200



Ásýnd Suður 1:200



Þakgluggi



Zink



Timbur




Gler



Tjörn



Dæmi um setbás í glugga



Terrasso